



Alþingi
Erindi nr. P 120/1502
komudagur 17/4 1996

Reykjavík, 16. apríl, 1996

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Bakarasveinafélags Íslands um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttafélög og vinnudeilur.

Félagsmálanefnd Alþingis hefur farið þess á leit við Bakarasveinafélag Íslands að það veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttafélög og vinnudeilur.

Bakarasveinafélag Íslands skorar á Félagsmálanefnd Alþingis að draga umrætt frumvarp til baka svo að aðilar vinnumarkaðarins geti áfram unnið í sátt að gerð rammisamnings um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Í frumvarpinu eru ýmis atriði sem að okkar áliti eru óásættanleg og vega þar þyngst ákvæði um aukin völd ríkissáttasemjara, afgreiðslu miðlunartillögu og stofnun verkalýðsfélaga á ákveðnum vinnustöðum. Bakarasveinar sem starfa á stað þar sem slíkt verkalýðsfélag yrði stofnað yrðu sviftir sínu félagafrelsi. Bakarasveinafélag Íslands er landsfélag sem starfar sem faglegt stéttarfélag og hætt er við að vinnustaðaverkalýðsfélag gæti ekki hinni faglegu hliðar þar sem fáir bakarasveinar starfa.

Í frumvarpinu má einnig finna orðalag sem er mjög vafasamt og ber vott um óvönduð vinnubrögð. Sem dæmi: "Samningar hafa verið lausir **um tíma**" og "Sáttasemjari leggi fram **friðsamlega** sáttatillögu". Þetta orðalag er ákaflega loðið og við spyrjum: við hvað er átt?

Við bakarasveinar vonum að flutningsmenn frumvarpsins sjái sig um hönd og dragi það til baka. Við erum sammála félögum okkar í sambærilegum faglegum stéttarfélögum að það yrði "sögulegt stórslys fyrir íslensku þjóðina ef frumvarpið næði fram að ganga í núverandi mynd".

Með virðingu,

F.h. Bakarasveinafélags Íslands

Gunnar Guðmundsson, formaður